

3. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 1. september 2014 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu: Páll Jóhannsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Þröstur Jónsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. 7. mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða.

Lagt var fram 7. mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða vegna ársins 2014. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Rekstur hitaveitunnar er í góðu jafnvægi.

2. 7. mánaða uppgjör vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Lagt var fram 7. mánaða uppgjör vatnsveitu Hrunamannahrepps vegna ársins 2014. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Rekstur kaldavatnsveitunnar er á áætlun.

3. 7. mánaða uppgjör fráveitu Hrunamannahrepps.

Lagt var fram 7. mánaða uppgjör fráveitu Hrunamannahrepps vegna ársins 2014. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Rekstur fráveitunnar er í samræmi við áætlanir og væntanlegan viðauka við fjárhagsáætlun.

4. Önnur mál.

Hannibal fór yfir stöðuna varðandi mögulegt styrjueldi Stolt Sea Farm í Hrunamannahreppi. Þá fór Hannibal yfir framkvæmdir við dælur í Miðfelli og Götu. Þá var rætt um að klára uppbyggingu á dæluhúsinu í Ásabyggð. Einnig var farið lauslega yfir ferð til Færeyja vegna skoðunar á kölkun á seyru.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.